

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 5/1968 um geislavarnir ríkisins.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Framkvæma skal árlega skoðun á þeim tækjum og efnum, sem framleiða geisla og leyfi þarf fyrir.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigandi tækis eða efnis, sem skoðunarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað af skoðuninni.

Eigandi tækis eða efnis, getur óskað eftir aukaskoðun, sér að kostnaðarlausu.

Skoðunargjald greiðist á hverju ári og skal vera sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik).

	Kr.
a. Föst tæki	1 000,00
b. Aukalampar	300,00
c. Móbíltæki	750,00
d. Tannröntgentæki	750,00

2. Röntgenlækningatæki (terapi).

Geislalækningatæki	2 250,00
--------------------------	----------

3. Röntgentæki í iðnaði.

Iðnaðartæki	1 000,00
-------------------	----------

4. Geislavirk efni.

Fyrir hvern stað, sem slík efni eru notuð	750,00
---	--------

5. Önnur tæki.

Tæki, sem ekki falla undir lið 1—4	750,00
--	--------

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald þetta.

Fyrir skoðanir á fólki skal taka eftirfarandi gjald fyrir einstakling:

a. Persónumælingar (filmumælingar)	200,00
b. Persónumælingar (TLD. mælingar)	400,00

Gera skal árlega skýrslu til ráðuneytis og landlæknis um skoðunina.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95/1962 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.